



### 6. fundar stjórnar SSA 15. mars 2016.

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir og Margrét Guðjónsdóttir. Gunnhildur Ingvarsdóttir, fulltrúi Norðausturkjörsvæðis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 5. stjórnarfundum SSA og 4. fundum framkvæmdaráðs SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerð frá Eyþingi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur lögð fram til kynningar og eftir atvikum til umsagnar.
  - a) Fundargerð frá HAUST.
  - b) Erindi frá HAUST til sveitarfélaga um svæðisáætlanir um meðferð úrgangs. Stjórn SSA mun fylgjast með afgreiðslu sveitarfélaganna á erindinu og vera í nánari samstarfi með HAUST eftir þörfum.
  - c) Erindi frá SSV. Verkefnisstjóra falið að svara erindinu, að svo stöddu mun stjórn SSA ekki taka þátt í verkefninu.
  - d) Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna um framlög til SSA lagt fram til kynningar.
  - e) Afsláttargjöld Flugfélag Íslands. Bréf lagt fram til kynningar.
  - f) Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku. Stjórn SSA mun ekki senda umsögn um tillöguna.

#### 2. Samningur um sóknaráætlun

1. Fjármál. Farið yfir greiðslur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og stöðu greiðslubeiðni vegna samnings um sóknaráætlun.
2. Fagráð og úthlutunarnefnd. Tillaga framkvæmdaráðs samþykkt og verkefnisstjóra falið að ræða við nýja liðsmenn.
3. Gerð samninga vegna áhersluverkefna. Lagt fram til kynningar.
4. Starfshópur um svæðisskipulag. Verkefnisstjóra falið að kalla hópinn saman til fyrsta fundar hið allra fyrsta og vinna drög að erindisbréfi fyrir hópinn.

5. Greinargerð frá framkvæmdastjóra Austurbrúar vegna styrks úr vaxtarsamningi og kvörtun styrkþega. Stjórn SSA tekur undir sjónarmið þáverandi verkefnisstjóra og formanns stjórnar vaxtarsamnings á þessum tíma sem og framkvæmdastjóra Austurbrúar er fram koma í greinargerðinni. Verkefnisstjóra falið að svara erindinu formlega.

### 3. Málefni SSA

1. Ársreikningur 2015 – staða. Verkefnisstjóra falið að ganga frá nauðsynlegum leiðréttingum á ársreikningi þannig að hægt verði að leggja hann fyrir á aðalfundi í október nk. Formanni stjórnar SSA falið að ræða við framkvæmdastjóra Austurbrúar um breytingar á utanumhaldi bókhalds.
2. Almenningsamgöngur.
  - a) Staða í Sternumáli. Farið yfir málið og tímalínu þess.
  - b) Nýtt frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi. **Stjórn SSA fagnar því að vinna sé hafin við nýtt frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi en telur jafnframt að alls ekki sé nægilega langt gengið í því að eyða óvissu um stöðu almenningsamganga á landinu. Óvissa sú, sem verið hefur uppi um árabíl, ógnar orðið fjárhagslegri stöðu landshlutasamtaka, þ. á m. SSA.**
  - c) Ráðstöfun viðbótarfjármagns til almenningsamganga. Verkefnisstjóra falið að ganga frá umsóknum í samræmi við tillögur hennar og verkefnisstjóra almenningsamganga í Fjarðabyggð.
  - d) Samningur um upplýsingaþjónustu fyrir SvAust. Lagt fram til kynningar.
3. Afmælistálfing. Samþykkt að hafa málþingið opið en með skráningum. Verkefnisstjóra falið að vinna áfram að undirbúningi í samvinnu við Fjarðabyggð sem boðið hefur Egilsbúð undir málþingið.
4. Minningarsjóður Ragnildar og Stefáns Péturssonar. Samþykkt að auglýsa skv. skipulagsskrá eftir umsóknum í tvo styrki að upphæð 50.000 kr. hvor með vori. Verkefnisstjóra falið að ganga frá auglýsingum. Sömu leiðis var ákveðið að vísa því til fjárhagsnefndar á aðalfundi SSA í október hvort umhald sjóðsins eigi að vera í höndum endurskoðenda SSA.
5. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands. Stjórn SSA samþykkir fyrir sitt leyti að afskrifa hlutafjareign sjóðsins í Kötlunesi ehf. og gerir ekki kröfur til búsins.

### 4. Önnur mál.

1. Stefán Grímur Rafnsson spurði um fjárhagsstöðu Austurbrúar.
2. Ísland ljóstengt. Fjarskiptasjóður sendi frá sér í dag, 15. mars, bréf um skilmála og umsóknareyðublöð vegna ljósleiðaravæðingar Íslands á árinu 2016. **Stjórn SSA mótmælir því harðlega að einvörðungu sé gefinn frestur til 23. mars nk. Miðað við umfang verkefnisins væri eðlilegra að umsóknarfresturinn væri rýmri.**



---

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 19. apríl kl. 12.30 á Reyðarfirði.  
Fundi slitið kl. 15.55.

---

Sigrún Blöndal

---

Jón Björn Hákonarson

---

Margrét Guðjónsdóttir

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Andrés Skúlason

---

Stefán Grímur Rafnsson

---

Hákon Hansson